

Komdu að sauma - Valgrein

Kennarar: Ingunn Elísabet Víktorsdóttir

| 10, 8, 9

Skólaárið

2025 - 2026.

Helstu námsþættir vetrarins

Í valinu verður í boði að sauma verkefni á saumavélina og/eða sauma krosssaumsmynd að eigin vali. Dæmi um verkefni væri t.d. saumuð hettupeysa, stuttermabolur, taupoki (tote bag), snyrtibudda eða náttbuxur. Hægt er að sauma allskonar myndir í krosssaum, tilbúnar myndir eða eftir eigin útfærslu. Nemendur koma með hugmyndina og kennari aðstoðar við að finna snið og útfæra hugmyndina.

Kennsluskipulag vetrarins með fyrirvara um breytingar

Kennt er á miðvikudögum fyrir áramót. Hver nemandi fær einn tíma í viku, 80 mínútur í senn.

Námsaðlögun

Nemendur vinna einstaklingslega að verkefnum þar sem komið er til móts við getu hvers og eins. Þeir eru sífellt að bæta ofan á fyrri þekkingu í faginu.

Námsmat

Lögð er áhersla á virkni og skapandi vinnubrögð í kennslustundum. Hugmyndavinna og lokaafurð er metin og í lok skólaárs fá nemendur lokið/ólokið ásamt umsögn.

Námsgögn

Efni og verkfæri sem hæfa hverju viðfangsefni fyrir sig.